

### **SAMNINGUR VEGNA LEIÐARENDA**

Hellar, dropsteinsmyndanir, nútímahraun og gosminjar njóta almennrar verndar náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Dropsteinsmyndanir í hraunhellum landsins eru friðlýstar skv. auglýsingu nr. 120/1974 með heimild í þágildandi lögum um náttúruvernd nr. 47/1971. Mikilvægt er að tryggja varðveislu þessara fögru og viðkvæmu náttúrufrýrbæra með aðgengisstýringu, bæta aðgengi þar sem það á við og sinna fræðslu almennings.

Í ljósi þessa gera Hafnarfjarðarbær, kt 590169-7579, (hér eftir HFJ) og Hellarannsóknafélag Íslands, kt. 451289-1369, (hér eftir Hrfí), með sér svohljóðandi samning:

1. Markmið samningsins:

Markmið samningsins er að tryggja varðveislu hraunhella í landi Hafnarfjarðar, með sérstakri áherslu á Leiðarenda, þ.e. að eftirlit með friðlýstum myndunum hellanna eins og dropasteinsmyndunum, hraun- og gosmyndunum, byggji á faglegum forsendum og sé í samræmi við lög og reglugerðir um náttúruvernd. Jafnframt að náttúrufrýrbæri þessi séu metin m.t.t. fagurfræðilegs gildis, sérstöðu, umferðar- og heimsóknarpóls og tillögur gerðar um lokun, afmörkun gönguleiða, vernd, t.a.m. dropsteinsmyndana og að hinu fyrra gefnu, aðgengi almennings og ferðamanna.

2. Hlutverk Hrfí:

Hrfí tekur að sér að veita HFJ faglega ráðgjöf varðandi aðgengisstýringu, varðveislu og sjálfbæra nýtingu hraunhella í þjóðlendu/landi bæjarins.

Í samræmi við ofangreint og samþykkt umhverfis- og framkvæmdaráðs HFJ frá 3. maí 2017, hefur HFJ ákveðið að hefja 5 ára tilraunaverkefni í og við hellinn Leiðarenda með endurheimtu landgræða að leiðarljósi. Skal Verndunarnefnd Hrfí koma með tillögu að stígagerð að hellinum, afmörkun gönguleiðar í hellinum sjálfum, lagfæringu og endurgerð dropsteina eftir því sem við á, ásamt því að koma með tillögu um aðgengisstýringu hellisins með vistvænum rekstri skv. nánara samkomulagi við HFJ.

Vinna Hrfí við faglegt eftirlit, umsjón og ráðleggingar við HFJ þjónar varðveislu náttúruminja í landi/þjóðlendu bæjarins og er endurgjaldslaus að öðru leiti en því sem fram kemur hér að framan og/eða skv. sérstöku samkomulagi/samningi þar að lútandi.

3. Notkun fjórhjóls/sexhjóls:

HFJ heimilar Hrfí fyrir sitt leiti notkun fjórhjóls/sexhjóls vegna rannsókna og efnisflutninga á landi/þjóðlendu bæjarins þegar nauðsyn ber til. sbr. heimildir til aksturs utan vega skv. reglugerð um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands nr. 528/2005. Í 5. gr. reglugerðarinnar er tekið á hvaða akstur utan vega er leyfilegur vegna tiltekinna starfa og þar segir m.a: „.....ef nauðsyn krefur vegna starfa við landgræðslu og heftingu landbrots, línulagnir, vegalagnir, lagningu annarra veitukerfa, björgunarstörf, rannsóknir, landmælingar og landbúnað, enda sé ekki hægt að framkvæma viðkomandi störf á annan hátt....”





## HAFNARFJÖRÐUR

#### 4. Fjárstuðningur til hellarannsókna:

HFJ skal tryggja við gerð samninga og/eða útboðsgagna þegar kemur að nýtingu hraunhella og tengdra náttúruminja í landi/þjóðlendu bæjarins í atvinnuskyni, að tryggt sé að hluti af aðgangseyri sem innheimtur verður gangi til rannsókna og verndunar sömu minja. Skal HFJ í þessu sambandi hafa samráð við HrfÍ varðandi hentugustu aðferðafræðina í þessu sambandi og skal tryggja að hluti af aðgangseyri skili sér til slíkra rannsókna og verndunar.

#### 5. Gildistími og uppsögn:

Samningur þessi er til 5 ára og framlengist sjálfkrafa ef hvorugur aðili geri aths. þar við. Réttindi og skyldur skv. honum eru ekki framseljanleg. Hvor aðili um sig getur sagt samningi þessum upp skriflega með eins mánaðar fyrirvara.

#### 6. Varnarþing:

Rísi dómsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjaness.

Fh. Hafnarfjarðarkaupstaðar

*15. maí 2014*

  
**Hafnarfjarðarbær**  
Umhverfis- og skipulagsþjónusta  
Sviðsstjóri

Sigurður Haraldsson

Fh. Hellarannsóknarfélags Íslands

  
Árni B Stefánsson

*Vitundur Valttar*  
*Guðmundur Eliasson 130362-3389*  
*Guðni Gunnarsson 957284-3909*